

Hópsjúkratrygging Félags Lykilmanna (FLM) greiðir örorkubætur vegna varanlegrar færniskerðingar váttryggðs af völdum sjúkdóms. Um váttrygginguna gilda hópváttryggingarsamningur, skilmálar þessir og almennir skilmálar félagsins nr. 001.

**Váttryggðir** eru félagsmenn í Félagi Lykilmanna sem uppfylla skilyrði hóptryggingarsamnings um váttryggingarvernd.

## 1. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum

## 2. gr. Hvað bætir tryggingin?

Valdi sjúkdómur váttryggðum varanlegri örorku greiðast bætur á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var við upphaf sjúkratímabilsins. Með sjúkratímabili er átt við það tímabil þegar stöðug skerðing á líkamlegri eða andlegri færni er fyrir hendi af völdum sjúkdóms að hluta eða öllu leyti.

## 3. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Hvers kyns sjúkdóma sem sýnt höfðu einkenni áður en váttryggingin tók gildi eða váttryggður gekk inn í hóptrygginguna og honum var eða mátti vera kunnugt um, hvort sem formleg greining hafi átt sér stað eða ekki.
- Sjúkdóms sem fyrst sýndi einkenni á fyrstu þremur mánuðunum eftir að váttryggingin tók gildi eða váttryggður gekk inni hóptrygginguna.
- Sjúkdóms sem orsakast hefur af notkun áfengis, deyfi- og eiturlyfja.
- Sjúkdóms eða annarra afleiðinga ljósbaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar nema framangreint sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms.
- Sjúkdóms sem orsakast af matareitrun, drykkjareitrun og neyslu nautnalyfja.
- Sjúkdóms vegna eittraðra lofttegunda.

## 4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bótafjárhæð örorkubóta reiknast á grundvelli gildandi váttryggingarfjárhæðar á upphafsdegi sjúkratímabils en breytist með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar til uppgjörsdags. Bætur greiðast í hlutfalli við metna varanlega örorku. Engar bætur greiðast ef örorka er metin lægri en 25%

Hafi váttryggður fengið greiddar bætur úr hópsjúkdómatryggingu FLM vegna sama sjúkdóms eða eigi rétt til slíkra bóta skulu bætur úr váttryggingunni lækka sem nemur helmingi af bótum sjúkdómatryggingarinnar.

## 5. gr. Mat á örorku og tímafrestir

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram eða samkvæmt læknisfræðilegu mati. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.

Meta skal örorku í fyrsta lagi einu ári frá upphafi bótaskylds sjúkratímabils með hliðsjón af ástandi váttryggðs þá. Telji váttryggður eða félagið að örorka geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en þrjú ár frá upphafi seinasta sjúkratímabils. Þótt gera megi ráð fyrir að ástand váttryggðs kunnri að breytast skal framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum frá upphafi sjúkratímabils. Ef líkur eru til að ástand hins váttryggðs megi bæta með læknismeðferð, þjálfun og eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gilda ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber samt sem áður við ákvörðun örorku að taka tillit til hugsanlegs bata sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Ef váttryggður deyr áður en örorkumat fer fram skal örorka metin á grundvelli læknisfræðilegra gagna og greiða bætur í samræmi við það. Beri andlát að innan árs frá upphafi sjúkratímabils greiðast engar örorkubætur.

Vilji váttryggður eða félagið ekki una niðurstöðu örorkumats, sem borist hefur félaginu innan framangreindra tímamarka, getur hvor aðili um sig lagt fram nýtt örorkumat á eigin kostnað innan 6 mánaða frá því að fyrri matsgerð barst félaginu. Frestur til framlagningar endanlegrar matsgerðar er þó aldrei skemmri en 3 ár frá upphafi sjúkratímabils.

**6. gr. Vátryggingarfjárhæð**

Vátryggingarfjárhæð er einstaklingsbundin og reiknast út frá aldri og þeim launum sem vátryggður greiðir iðgjald af, samkvæmt nánari reglum í hóptryggingarsamningi. Vátryggingarfjárhæðir eru aðgengilegar vátryggðum á vefsíðu Félags lykilmanna.

**7. gr. Aldursmörk**

Vátryggingin tekur ekki til einstaklinga yngri en 18 ára og fellur úr gildi gagnvart vátryggðum þegar hann nær 60 ára aldri.

**Skilmálar þessir gilda frá 01. nóvember 2024 og koma í stað skilmála sem tóku gildi 1. apríl 2022.**